

# Færri standa undir ellilífeyri

- Vinnandi fólki heldur áfram að fækka hlutfallslega á móti hverjum skráðum ellilífeyrisþega á Íslandi
- Fjölgun ellilífeyrisþega mun hafa margvísleg efnahagsleg áhrif og skapa eftirspurn eftir þjónustu

## BAKSVIÐ

Baldur Arnarson  
baldura@mbl.is



Hlutfall einstaklinga á vinnualdri fyrir hvern einstakling á eftirlaunaaldri heldur áfram að lækka. Því þykir knýjandi að fleira fólk haldi áfram að starfa eftir 67 ára aldur.



Ásta Ásgeirsdóttir

Hlutfall einstaklinga á vinnualdri (16-66 ára) fyrir hvern einstakling á eftirlaunaaldri (67 ára og eldri) hefur lækkað úr 6,36 árið 2000 í 5,19 í byrjun þessa árs. Gert er ráð fyrir

að það lækki áfram og verði komið niður í 4,38 árið 2030, að teknu tilliti til mannfjöldaspár Hagstofunnar.

Gangi það eftir verða um tveimur færri vinnandi að baki hverjum ellilífeyrisþega árið 2030 en árið 2000.

Þetta er meðal þess sem má lesa úr hagttölum á vef Landssamtaka lífeyrissjóða en þau birtu uppfærðar tölur fyrir nokkrum dögum.

## Ekki allir á vinnumarkaði


Ásta Ásgeirsdóttir, hagfræðingur hjá Landssamtökum lífeyrissjóða, bendir á að ekki séu allir þeir sem eru á vinnualdri á vinnumarkaði og sömuleiðis haldi margir áfram að vinna eftir að 67 ára aldri er náð.

„Þetta gefur samt ágætis vísbendingu um þróunina. Það er viðfangsefni margra þjóða að fólki í eldri aldrshópum fjölgar umfram yngra fólk. Því þurfa fleiri að vinna fram yfir 67 ára aldur en það geta að sjálfsögðu ekki allir,“ segir Ásta.


„Fyrir almannatryggingakerfið og skattkerfið í heild skiptir máli að

## Heildaríbúðalán til heimila

Ma.kr. raunvirt að verðlagi í júní 2022



## Hlutdeild lánastofnana



skattstofninn dragist ekki saman af því að mun færri séu á vinnumarkaði. Í grunninn þarf að fá fleiri 67 ára og eldri til að vera lengur á vinnumarkaði. Það verkefni er viðvarandi hjá mörgum löndum. Ísland er frekar vel sett af því að Íslendingar vinna almennt lengur en aðrar þjóðir. Þannig að margir vinna fram yfir 67 ára aldur,“ segir Ásta.

## 50% fjölgun frá árinu 2021

Lífeyrisþegum fjölga ár frá ári. Þeir voru til dæmis tæplega 35.500 árið 2010 en 53.100 í byrjun árs 2021. Það er rétt tæplega 50% fjölgun.

Heildarfjöldinn árið 2021 byggist á áætlun en lagðir eru saman eldri

borgarar sem fá ellilífeyri úr lífeyrissjóðum eingöngu, frá bæði lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun og frá Tryggingastofnun eingöngu.


Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða fjölgun 67 ára og eldri frá aldamótum, samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar. Voru þeir ríflega 28.500 um aldamótin en í byrjun þessa árs voru þeir orðnir 48.721. Ef spáin gengur eftir verða þeir orðnir tæplega 63.100 árið 2030. Þá mun þeim hafa fjölgað um 20 þúsund frá þessu ári og um tæplega 35 þúsund á öldinni.

## Nærri sjötti hver árið 2030

Þá mun hlutfall 67 ára og eldri af íbúafjölda landsins fara úr 10,2% árið

## Fjöldi lífeyrisþega og mannfjöldapróun

2007 til 2020



2000, í 12,9% í ár og 15% árið 2030, ef spá Hagstofunnar gengur eftir. Meðal þátta sem gætu haft áhrif á þetta hlutfall til lækkunar er aukinn aðflutningur yngra fólks.

Fjölgun eldri borgara í íslensku samfélagi mun hafa margvísleg efnahagsleg áhrif. Spurn eftir íbúðum fyrir eldri borgara mun aukast, sem og spurn eftir ýmiss konar þjónustu sem hentar þessum aldrushópi. Þar með talið menningu, enda hefur þessi aldrushópur meiri tíma og rýmri fjárráð almennt en yngri hópar til að njóta menningar og lista.

## Minna vægi sjóða í íbúðalánnum

Úr talnabanka Landssamtaka lífeyrissjóða má einnig lesa upplýsingar um þróun hlutdeildar þeirra í heildaríbúðalánnum til heimila.

Eins og sýnt er á grafi hér fyrir ofan hefur hlutdeild lífeyrissjóða lækkað úr 27% í júní 2019 í 22% í júní 2022. Hlutfall íbúðalánasjóds, sem var lagður niður í þeirri mynd í árslok 2019, hefur sömuleiðis lækkað. Það var 16% í júní 2019 en var komið niður

í 7% í júní síðastliðnum. Bankarnir hafa hins vegar aukið hlut sinn í íbúðalánnum og hefur hlutfall þeirra vaxið úr 57% í 71% á tímabilinu.

Íbúðalán bankanna jukust mikið milli árána 2020 og 2021 og skýrist það að hluta til af því að þeir buðu á tímabili hagstæðustu vaxtakjörin, í kjölfar vaxtalækkana Seðlabankans.

En lífeyrissjóðirnir buðu áður hagstæðustu lánakjörin og jukust íbúðalán þeirra mikið í kjölfarið.

## Eignirnar minnka sömuleiðis

Fjallað var um það í Morgunblaðinu síðastliðinn þriðjudag að eignir lífeyrissjóðanna hefðu dregist saman um 5,4% að nafnvirði, eða um rúmlega 361 milljarð króna, á fyrri hluta ársins. Þær voru tæplega 6.386 milljarðar í lok júní en voru 6.747 milljarðar um síðustu áramót. Að raunvirði hafa eignirnar dregist saman um 10,8% á tímabilinu.

Var það meðal annars skýrt með lækkanði gengi hlutabréfa á erlendum mörkuðum og áhrifum af styrkingu krónunnar á erlendar eignir.